

**SAMÞYKKT**  
**um breytingu á samþykkt um**  
**stjórn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps, nr. 690/2013.**

1. gr.

28. gr. samþykktarinnar og fyrirsögn breytist og verður svohljóðandi:

28. gr.

*Valdsvið nefnda og fullnaðarafgreiðsla.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar. Öllum nefndum skulu sett erindisbréf.

Í samræmi við 42. gr. sveitarstjórnarlaga getur sveitarstjórn, í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðri málsmeðferð ákveðið að fela nefnd, ráði, eða stjórn fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum er sveitarstjórn heimilt að fela embættismönnum innan stjórnarsýslu Skútustaðahrepps fullnaðarafgreiðslu mála.

Þegar sveitarstjórn nýtir heimildir skv. annarri og þriðju málsgrein skal kveðið á um fullnaðarafgreiðslur nefnda og embættismanna í sérstökum viðauka við samþykkt þessa.

2. gr.

Við samþykktina bætist viðauki um fullnaðarafgreiðslur skipulagsnefndar og byggingarfulltrúa í samræmi við heimildir í 28. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðaukinn er birtur með samþykkt þessari.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 9. maí 2019.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

---

*Stefanía Traustadóttir.*

**VIÐAUKI I**  
**við samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps.**

Með vísan til 28. gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps er settur svofelldur viðauki við samþykktina. Viðaukinn varðar hlutverk skipulagsnefndar og fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

1. gr.

Skipulagsnefnd fer með hlutverk byggingarnefndar, sbr. 7. gr. laga um mannvirki og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps.

2. gr.

Byggingarfulltrúinn í Skútustaðahreppi fer með verkefni sem mælt er fyrir um í lögum nr. 160/2010 um mannvirki og ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna, þar á meðal útgáfu byggingarleyfa.

3. gr.

Byggingarfulltrúinn hefur heimild til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, svo sem útgáfu byggingarleyfa til samræmis við 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, enda eigi byggingarleyfin stoð í skipulagi og lögum um mannvirki.

4. gr.

Byggingarfulltrúinn getur haft samráð við skipulagsnefnd um hvert það mál sem hann telur að varði verksvið nefndarinnar. Byggingarfulltrúa er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 3. gr. til skipulagsnefndar til fullnaðarafgreiðslu.

5. gr.

Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, laga um mannvirki, nr. 160/2010, skipulagslaga nr. 123/2010, stjórnslulaga, nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps eftir því sem við á.

Beiðni um endurupptöku máls skal beint til þess sem ákvörðunina tók og fer um endurupptöku skv. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.